

Nd.

366. Frumvarp til laga

[163. mál]

um breyting á lögum nr. 8 1963, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Jónas G. Rafnar, Halldór Ásgrímsson,
Jónas Pétursson.

1. gr.

Í stað 13. og 14. tölul. 1. gr. laganna komi þrjú töluliðir, er orðist svo:

13. Þingeyjarþingsumdæmi: Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Húsavík og Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.
14. Norðausturlandsumdæmi: Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðahreppur í Norður-Múlasýslu. Í hreppum vestan Öxarfjarðarheiðar eiga menn rétt til að vitja dýralæknis á Húsavík.
15. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðahreppi, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Breiðdalshreppi.

Greinargerð.

Almennur héraðsmálafundur í Norður-Þingeyjarsýslu 4. sept. 1964 og fulltrúafundur, sem haldinn var á Þórshöfn 22. febr. s. l. með þátttöku fulltrúa úr Norður-Múlasýslu, hafa farið þess á leit, að stofnað yrði dýralæknisumdæmi á Norðausturlandi. Mjólkurframleiðsla er nú að aukast á svæðinu, einkum í Vopnafirði og á verzlunarsvæði Þórshafnar, og eykur það verkefni dýralæknis. Milli Jökulsár og Smjörvatnsheiðar eru byggðir víðlendur og langa leið að fara, ef vitja skal dýralæknis á Húsavík eða Egilsstöðum. — Nánar í framsögu.

Fylgiskjal.

Árið 1965, mánudaginn 22. febrúar, komu saman á fund að Syðra-Lóni á Þórshöfn fulltrúar frá eftirtöldum hreppum:

Frá Vopnafirði: Jósep Jónsson, Skógum, Sigurjón Friðriksson, Ytri-Hlíð, og Víglundur Pálsson, Refsstað.

Frá Skeggjastaðahreppi: Sigurður Einarsson, Bjarmalandi.

Frá Þórshafnarhreppi: Vilhjálmur Guðmundsson, Syðra-Lóni.

Frá Sauðaneshreppi: Sigurður Jónsson, Efra-Lóni.

Frá Svalbarðshreppi: Grímur Guðbjörnsson, Syðra-Álandi, og Óli Halldórsson, Gunnarsstöðum.

Tilfni fundarins var að ræða um stofnun dýralæknisumdæmis, er næði m. a. yfir áður nefnda hreppa.

Svo hljóðandi ályktun var samþykkt:

„Fundurinn vill vekja athygli á, að eins og nú er ástatt, njóta þessir hreppar sáralítillar dýralæknisþjónustu, er stafar m. a. af því, að samgöngur við þá staði, er dýralæknar þeir, sem þjóna eiga í þessum sveitum, eru staðsettir á, — sem eru Egilsstaðir og Húsavík, — eru mjög ótryggar langan tíma úr árinu. Einnig má benda á, að nú þegar er starfandi mjólkursamlag á Vopnafirði og líkur fyrir, að mjólkurframleiðsla í nágrenni Þórshafnar aukist mikið á næstu árum, og eykur það mjög þörf á dýralækni í þessum sveitum. — Þess vegna leyfir fundurinn sér að skora á þingmenn kjördæmanna: — Norðurlandskjördæmis eystra og Austurlandskjördæmis, — að þeir hafi forgöngu um, að stofnað verði með lögum á þessu þingi dýralæknisembætti, er nái yfir tvo nyrztu hreppa Norður-Múlasýslu og austurluta Norður-Þingeyjarsýslu.

Þá vill fundurinn og vekja athygli á, að öll Norður-Þingeyjarsýsla nýtur mjög lítillar dýralæknisþjónustu og brýn þörf er úrbóta í því efni.“

Syðra-Lóni, 22. febr. 1965.

Jósep H. Jónsson, Skógum.

Víglundur Pálsson, Refsstað II.

Vilhjálmur Guðmundsson, Syðra-Lóni.

Grímur Guðbjörnsson, Syðra-Álandi.

Sigurjón Friðriksson, Ytri-Hlíð.

Sigurður Einarsson, Bjarmalandi.

Sigurður Jónsson, Efra-Lóni.

Óli Halldórsson, Gunnarsstöðum.